

**From:** Anna Gunnhildur Ólafsdóttir

**Sent:** fimmtudagur, 16. júní 2022 09:36

**Subject:** Upplýsingapóstur frá Innviðaráðuneytinu - vinsamlega sendið áfram til kjörinna fulltrúa

Ágæti fulltrúi í sveitarstjórn.

Innviðaráðuneytið óskar þér til hamingju með kjörið.

Við hlökkum til að leggjast á árarnar með þér og öðrum fulltrúum nýrra sveitarstjórna við áframhaldandi uppbyggingu sveitarfélaga um land allt.

Alþingi steig mikilvægt skref í þessa átt með samþykkt þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2022-2036 á lokadegi þingsins í gær. Áætlunin hefur að geyma hvorki meira né minna en 44 aðgerðir til að stuðla að blómlegri byggð á landinu.

Innviðaráðuneytið ýtti nýlega úr vör vinnu við endurskoðun [stefnumótandi áætlunar í málefnum sveitarfélaga 2019-2033](#) og [Landsskipulagsstefnu 2015-2026](#) ásamt því að móta nýja [húsnæðisstefnu](#). Ríkur þáttur í þeirri vinnu felst í því að leita álits kjörinna fulltrúa í þessum þremur málaflokkum.

Með hliðsjón af því verður óskað eftir upplýsingum frá sveitarstjórnnum um stöðu helstu verkefna, áskoranir, valkosti og tækifæri í málaflokkunum með rafrænum hættu á næstu dögum. Óskað verður eftir að framlag sveitarfélaganna berist ráðuneytinu í byrjun júlí. Því verður svo fylgt eftir í hringferð ráðuneytisins um landið síðar á árinu.

Með sama hætti verður sveitarfélögum með undir 250 íbúum sendur hlekkur á ramma að áliti sveitarfélaga af þessari stærðargráðu á næstunni. Í samræmi við viðbætur við [gildandi sveitarstjórnarlög](#) er gert ráð fyrir því að sveitarstjórnir sendi ráðuneytinu álitið til umsagnar fyrir 14. maí 2023.

Innviðaráðuneytið sendir reglulega upplýsingapósta af þessu tagi til kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnnum. Við hvetjum þig til að svara póstunum og senda okkur þannig viðbrögð eða hugleiðingar um efni póstanna eða viðfangsefni sveitarfélaganna almennt.

Samtakamátturinn skilar sér í auknum árangri.

Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, verkefnisstjóri

**Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, sérfræðingur**

Innviðaráðuneyti / Ministry of Infrastructure

Sölvhólsgrötu 7, 101 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8200

<http://www.irn.is> - [Fyrirvari/Disclaimer](#)